

**I EES-STOFNANIR****1. Sameiginlega EES-nefndin**

2017/EES/19/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	1
2017/EES/19/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	5
2017/EES/19/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 199/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	7
2017/EES/19/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 200/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	8
2017/EES/19/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 201/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	9
2017/EES/19/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 202/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	11
2017/EES/19/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 203/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn .....	12
2017/EES/19/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 204/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	14
2017/EES/19/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	16
2017/EES/19/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	18
2017/EES/19/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 207/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	20

<b>2017/EES/19/12</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 208/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	22
<b>2017/EES/19/13</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	24
<b>2017/EES/19/14</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	26
<b>2017/EES/19/15</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	28
<b>2017/EES/19/16</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	29
<b>2017/EES/19/17</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 213/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	31
<b>2017/EES/19/18</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 214/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	32
<b>2017/EES/19/19</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	34
<b>2017/EES/19/20</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 216/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	35
<b>2017/EES/19/21</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 217/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	37
<b>2017/EES/19/22</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .....	38
<b>2017/EES/19/23</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 219/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á V. viðauka (Frelsi launþega til flutninga) við EES-samninginn .....	40
<b>2017/EES/19/24</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn .....	42
<b>2017/EES/19/25</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 221/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	43
<b>2017/EES/19/26</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 222/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	44

<b>2017/EES/19/27</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 223/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	45
<b>2017/EES/19/28</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 224/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	47
<b>2017/EES/19/29</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 225/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	48
<b>2017/EES/19/30</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 226/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	49
<b>2017/EES/19/31</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	50
<b>2017/EES/19/32</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn .....	51
<b>2017/EES/19/33</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	52
<b>2017/EES/19/34</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 230/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn .....	56
<b>2017/EES/19/35</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 231/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn .....	57
<b>2017/EES/19/36</b>	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 232/2015 frá 25. september 2015 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn .....	58

## **II EFTA-STOFNANIR**

### **1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna**

### **2. Eftirlitsstofnun EFTA**

### **3. EFTA-dómstóllinn**

## **III ESB-STOFNANIR**

### **1. Framkvæmdastjórnin**

# EES-STOFNANIR

## SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 197/2015

2017/EES/19/01

frá 25. september 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 790/2010 frá 7. september 2010 um breytingu á VII., X. og XI. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til mannelis <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 749/2011 frá 29. júlí 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1063/2012 frá 13. nóvember 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(5)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjúd. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjúd. ESB L 237, 8.9.2010, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjúd. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1.

<sup>(4)</sup> Stjúd. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 3.

<sup>(5)</sup> Stjúd. ESB L 314, 14.11.2012, bls. 5.

- 6) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 555/2013 frá 14. júní 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar umflutning á tilteknum aukaafurðum úr dýrum frá Bosníu og Hersegóvínu <sup>(6)</sup>.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2014 frá 3. júní 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar notkun aukaafurða úr dýrum og afleiddra afurða sem eldsneyti í brennsluverum <sup>(7)</sup>.
- 8) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 fellur úr gildi reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002 <sup>(8)</sup>, en sú gerð hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 9) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (ESB) nr. 142/2011 falla úr gildi reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 811/2003 <sup>(9)</sup>, (EB) nr. 878/2004 <sup>(10)</sup>, (EB) nr. 79/2005 <sup>(11)</sup>, (EB) nr. 92/2005 <sup>(12)</sup>, (EB) nr. 181/2006 <sup>(13)</sup>, (EB) nr. 197/2006 <sup>(14)</sup>, (EB) nr. 1192/2006 <sup>(15)</sup>, (EB) nr. 2007/2006 <sup>(16)</sup> og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/322/EB <sup>(17)</sup>, 2003/324/EB <sup>(18)</sup> og 2004/407/EB <sup>(19)</sup>, en þær gerðir hafa verið felldar inn í EES-samninginn og ber því að fella þær úr EES-samningnum.
- 10) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 11) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Ákvæði I. kafla I. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1774/2002) í hluta 7.1 hljóði svo:

„**32009 R 1069**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (reglugerð um aukaafurðir úr dýrum) (Stj. tíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Dagsetningin sem um getur í 55. gr. skal, að því er EFTA-ríkin varðar, vera gildistökudagur ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar, sem fellir reglugerð (EB) nr. 1069/2009 inn í EES-samninginn.
- b) Ákvæði þessarar gerðar taka til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“

2. Eftirfarandi bætist við á eftir lið 9b (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009) í hluta 7.1:

<sup>(6)</sup> Stj. tíð. ESB L 164, 18.6.2013, bls. 11.

<sup>(7)</sup> Stj. tíð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 33.

<sup>(8)</sup> Stj. tíð. EB L 273, 10.10.2002, bls. 1.

<sup>(9)</sup> Stj. tíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 14.

<sup>(10)</sup> Stj. tíð. ESB L 162, 30.4.2004, bls. 62.

<sup>(11)</sup> Stj. tíð. ESB L 16, 20.1.2005, bls. 46.

<sup>(12)</sup> Stj. tíð. ESB L 19, 21.1.2005, bls. 27.

<sup>(13)</sup> Stj. tíð. ESB L 29, 2.2.2006, bls. 31.

<sup>(14)</sup> Stj. tíð. ESB L 32, 4.2.2006, bls. 13.

<sup>(15)</sup> Stj. tíð. ESB L 215, 5.8.2006, bls. 10.

<sup>(16)</sup> Stj. tíð. ESB L 379, 28.12.2006, bls. 98.

<sup>(17)</sup> Stj. tíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 32.

<sup>(18)</sup> Stj. tíð. ESB L 117, 13.5.2003, bls. 37.

<sup>(19)</sup> Stj. tíð. ESB L 151, 30.4.2004, bls. 11.

„9c. **32011 R 0142**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 frá 25. febrúar 2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun (Stjtið. ESB L 54, 26.2.2011, bls. 1),

eins og henni var breytt með:

- **32011 R 0749**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 749/2011 frá 29. júlí 2011 (Stjtið. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 3),
- **32012 R 1063**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1063/2012 frá 13. nóvember 2012 (Stjtið. ESB L 314, 14.11.2012, bls. 5),
- **32013 R 0555**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 555/2013 frá 14. júní 2013 (Stjtið. ESB L 164, 18.6.2013, bls. 11),
- **32014 R 0592**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 592/2014 frá 3. júní 2014 (Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 33).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Orðin „eða til Noregs“ komi á eftir orðunum „ætlunin er að senda til aðildarríkis sem tilgreint er í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 546/2006“ í fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum í XV. viðauka.
- b) Orðin „eða Svalbarða“ bætist við á eftir orðunum „töflu 2“ í c-lið 1. þáttar II. kafla XIV. viðauka.

Ákvæði þessarar gerðar taka til Íslands að því er varðar svið sem um getur í 2. mgr. inngangsorðanna.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 1069/2009, (ESB) nr. 790/2010, (ESB) nr. 142/2011, (ESB) nr. 749/2011, (ESB) nr. 1063/2012, (ESB) nr. 555/2013 og (ESB) nr. 592/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**Yfirlýsing EFTA-rikkanna vegna ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 sem fellir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 inn í EES-samninginn**

„Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 fjalla um útflutning á aukaafurðum úr dýrum og afleiddum afurðum sem ekki eru ætlaðar til manneldis til þriðju landa. Uptaka þessara reglugerða er með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.“

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 198/2015

2017/EES/19/02

frá 25. september 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 294/2013 frá 14. mars 2013 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglugerð, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til mannelis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðis-efirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(1)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 226, 24.8.2013, bls. 44.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0294:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 294/2013 frá 14. mars 2013 (Stjtið. ESB L 98, 6.4.2013, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 226, 24.8.2013, bls. 44.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar nr. 294/2013, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 226, 24.8.2013, bls. 44, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>, eða gildistökuþingdag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 98, 6.4.2013, bls. 1.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 85, 30.3.2017 bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 30.3.2017, bls. 1.



4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Ingrid Schulerud***

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 199/2015

2017/EES/19/03

frá 25. september 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2013 frá 25. júlí 2013 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar upplýsingar um velferð dýra í tilteknum fyrirmyndum að heilbrigðisvottorðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 R 0717**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 717/2013 frá 25. júlí 2013 (Stjtið. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 717/2013, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 201, 26.7.2013, bls. 31.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 85, 30.3.2017 bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 30.3.2017, bls. 1.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 200/2015

2017/EES/19/04

frá 25. september 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/9 frá 6. janúar 2015 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 142/2011 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 um heilbrigðisreglur, að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis, og um framkvæmd tilskipunar ráðsins 97/78/EB að því er varðar tiltekin sýni og hluti sem eru undanþegin heilbrigðiseftirliti með dýrum og dýraafurðum á landamærum samkvæmt þeirri tilskipun <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 0009**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/9 frá 6. janúar 2015 (Stjtið. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 10).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/9, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>, eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2015 frá 25. september 2015 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 3, 7.1.2015, bls. 10.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 85, 30.3.2017 bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 30.3.2017, bls. 1.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 201/2015

2017/EES/19/05

frá 25. september 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 483/2014 frá 8. maí 2014 um verndarráðstafanir vegna skitu í svínunum af völdum deltakórónuveiru að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna aðflutnings til Sambandsins á úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínunum til framleiðslu á fœðri fyrir alisvín <sup>(1)</sup>.
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 9c (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011) í hluta 7.1 í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„9d. **32014 R 0483**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 483/2014 frá 8. maí 2014 um verndarráðstafanir vegna skitu í svínunum af völdum deltakórónuveiru að því er varðar dýraheilbrigðiskröfur vegna aðflutnings til Sambandsins á úðaþurrkuðu blóði og blóðvökva úr svínunum til framleiðslu á fœðri fyrir alisvín (Stjtið. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 52).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 483/2014, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist <sup>(\*)</sup>, eða gildistöku dag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr.197/2015 frá 25. september 2015 <sup>(2)</sup>, hvort sem ber upp síðar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 138, 13.5.2014, bls. 52.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 85, 30.3.2017 bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 30.3.2017, bls. 1.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Ingrid Schulerud***

formaður.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 202/2015

2017/EES/19/06

frá 25. september 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/186 frá 6. febrúar 2015 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB að því er varðar hámarksgildi fyrir arsen, flúor, blý, kvikasilfur, endósúlfan og fræ af Ambrosia-tegundum (<sup>1</sup>).
- 2) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fóður. Ákvæði löggjafar um fóður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 3) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirlíður bætist við í 33. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

„– **32015 R 0186**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/186 frá 6. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 31, 7.2.2015, bls. 11).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2015/186, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

(<sup>1</sup>) Stjtið. ESB L 31, 7.2.2015, bls. 11.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 203/2015

2017/EES/19/07

frá 25. september 2015

## um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/661 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/662 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir L-karnítíni og L-karnítín L-tartrati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/722 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir táríni sem fôðuraukefni fyrir dýr af hundaætt, kattaætt og marðarætt og físktegundir sem eru kjötætur <sup>(3)</sup>.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/723 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir biótíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(4)</sup>.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/724 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlprópiónati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir <sup>(5)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 130, 28.5.2015, bls. 19.
- 6) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um fôður. Ákvæði löggjafar um fôður skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunar-ákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 7) I. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir 130. lið (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/518) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 5.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 18.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 22.

<sup>(5)</sup> Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 25.

- „131. **32015 R 0661**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/661 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir blöndu með endó-1,4-betaxýlanasa og endó-1,3(4)-betaglúkanasa, sem eru framleiddir með *Talaromyces versatilis* sp. nov. IMI CC 378536 og *Talaromyces versatilis* sp. nov. DSM 26702, sem fôðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur og aukategundir alifugla til eldis og sem eru aldar til varps (leyfishafi er Adisseo France S.A.S.) (Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 1).
132. **32015 R 0662**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/662 frá 28. apríl 2015 um leyfi fyrir L-karnítíni og L-karnítín L-tartrati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 110, 29.4.2015, bls. 5).
133. **32015 R 0722**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/722 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir táríni sem fôðuraukefni fyrir dýr af hundaaett, kattaaett og marðaraett og fisktegundir sem eru kjötætur (Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 18).
134. **32015 R 0723**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/723 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir bíótíni sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 22).
135. **32015 R 0724**: framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/724 frá 5. maí 2015 um leyfi fyrir retínýlasetati, retínýlpalmítati og retínýlprópiónati sem fôðuraukefni fyrir allar dýrategundir (Stjtið. ESB L 115, 6.5.2015, bls. 25), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 130, 28.5.2015, bls. 19.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) 2015/661, (ESB) 2015/662, (ESB) 2015/722, (ESB) 2015/723 og (ESB) 2015/724, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 130, 28.5.2015, bls. 19, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.



**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 204/2015****2017/EES/19/08****frá 25. september 2015****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/165 frá 3. febrúar 2015 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir mjólkursýru, *Lecanicillium muscarium* af stofni Ve6, kítósanhýdróklóríð og *Equisetum arvense* L. í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/401 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asetamípríð, krómafenósíð, sýasófamíð, dikamba, difenókónasól, fenpýrasamín, flúasínám, formetanat, níkótín, penkónasól, pímetrósin, píyraklóstróbín, táflúvalínat og tebúkónasól í eða á tilteknum afurðum <sup>(2)</sup>.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 4) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við EES-samninginn:

- „– **2015 R 0165**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/165 frá 3. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 28, 4.2.2015, bls. 1),
- **2015 R 0401**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/401 frá 25. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2015, bls. 114).“

*2. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

- „– **2015 R 0165**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/165 frá 3. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 28, 4.2.2015, bls. 1),
- **2015 R 0401**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/401 frá 25. febrúar 2015 (Stjtið. ESB L 71, 14.3.2015, bls. 114).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 28, 4.2.2015, bls. 1.<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 71, 14.3.2015, bls. 114.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2015/165 og (ESB) 2015/401, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Ingrid Schulerud**

formaður.

---

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 205/2015

2017/EES/19/09

frá 25. september 2015

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/399 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1,4-dímetýlnaftalín, benfúrakarb, karbófúran, karbósúlfan, etefón, fenamídón, fenvalerat, fenhexamíð, fúrapíókarb, imasapýr, malaþíón, pikoxýstróbín, spirótetramat, tepraloxýdíum og trifloxýstróbín í eða á tilteknum afurðum <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/400 frá 25. febrúar 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir beinaolíu, kolsýring, sýpródíníl, dódemorf, ípródíón, metaldehyð, metasaklór, paraffínolíu (CAS 64742-54-7), jarðolíur (CAS 92062-35-6) og própargít í eða á tilteknum vörum <sup>(2)</sup>.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/552 frá 7. apríl 2015 um breytingu á II., III. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir 1,3-díklórprópen, bifenox, dímetenamíð-P, próhexadíón, tólyflúaníð og triflúralín í eða á tilteknum afurðum <sup>(3)</sup>, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stj. 94, 10.4.2015, bls. 8.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um föður og matvæli. Ákvæði löggjafar um föður og matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka og í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.
- 5) I. og II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

